



LEB

Landssamband eldri borgara

## 348. Stjórnarfundur LEB – 25. október 2021

Kl. 10:00 – 12:00 – Fundurinn var haldinn á Zoom

### Mættir:

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Valgerður Sigurðardóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson

**Auk þeirra sátu fundinn:** Viðar Eggertsson og Steinunn Valdimarsdóttir frá skrifstofu LEB.

### Dagskrá:

#### 1. Heilsuefling aldraðra

Verkefnið er í vinnslu. Fundur fyrirhugaður með ráðuneytinu í vikunni.

#### 2. Staða öldungaráða

Fram kom að staða öldungaráða á landinu er mjög misjöfn. Rætt var um þörfina á því að gera lögin skýrari, svo þau styðji betur við gerð og starfssemi öldungaráðanna og samspili þeirra við sveitarfélögin og félag eldri borgara á hverjum stað fyrir sig.

*Samþykkt* var að formaður LEB myndi biðja um fund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara betur yfir þessi mál og boða svo formannafund aðildarfélaganna til að kynna þeim málið betur.

#### 3. Aðgerðir í tengslum við aðalmeðferð málsóknar Gráa hersins.

Ákveðið var að halda útifund Gráa hersins á Austurvelli, föstudaginn 29. október kl. 14:00.

*Samþykkt* var að styrkja Gráa herinn vegna þessa verkefnis um 500.000 kr.

#### 4. Fjölgun félagsmanna

Áveðið var að vekja athygli á starfssemi félaga eldri borgara víða um land til að fjölga félagsmönnum og þeim kjörum sem þeim standa til boða, með það að markmiði að efla og styrkja málsstað eldra fólks um land allt og um leið starfssemi aðildarfélaga LEB.

#### 5. Önnur mál

##### a. Bókhald

*Samþykkt* var að kaupa aðgang að bókhaldskerfinu DK.

##### b. Afsláttar smáforrit (app)

Afsláttarbók með safni afslátta fyrir félagsmenn aðildarfélaga LEB hefur verið gefin út af LEB um árabíl. Ákveðið var að á næsta ári yrðu afsláttirnir færðir yfir í smáforrit (app) sem er aðgengilegt og þægilegt í notkun. Afsláttarbók LEB verði þó áfram prentuð samhliða, en í minna upplagi en áður.

*Samþykkt* var að ganga til samninga við fyrirtækið 1819 um notkun á afsláttar smáforritinu (appinu) 1819 Torginu.

Fundi slitið 11:00

Ritari fundargerðar: Steinunn Valdimarsdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum LEB 18.11.2021

Landssamband eldri borgara | [www.leb.is](http://www.leb.is) | [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)